

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar á bæjarskrifstofunni, þriðjudaginn 5. febrúar 2018, kl. 17:00.

Mætt voru: Friðrik Sigurbjörnsson, Alda Pálsdóttir, Fanný Björk Ástráðsdóttir, Soffía Valdimarsdóttir og Jakob Fannar Hansen.

Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram. Formaður þakkaði Walter Fannari Kristjánssyni fulltrúa S-lista fyrir samstarfið og bauð Soffíu Valdimarsdóttur velkomna í nefndina.

Dagskrá:

1. Íþróttaskóli.

Umræður um framkvæmd á tillögu stjórnar Hamars um íþróttaskóla fyrir 6 – 8 ára börn sem leggur áherslu á að kynna starf allra deilda Hamars. Sjá nánari útfærslu í fylgiskjali. Horft er til þess að íþróttaskóli komi til framkvæmdar haustið 2018.

2. Íþróttá- og frístundastefna Hveragerðisbæjar - endurskoðun

Formaður og menningar- og frístundafulltrúi kynntu endurskoðuð drög að íþróttá- og frístundastefnu bæjarins.

Nefndarmenn samþykktu drögin að viðbætti eftirfarandi ályktun:

Hveragerðisbær áskilur sér rétt til þess að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga og annarra félagasamtaka sem bjóða upp á frístundaiðkun fyrir börn og unglunga því, að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði þjálfara, umsjónarfólk og aðra sem koma að daglegu starfi félaganna um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Einnig skulu sömu aðilar stofna óháð fagráð sem taki á mótí ábendingum og kvörtunum iðkenda. Einnig skulu þeir sem Hveragerðisbær styrkir eða gerir samninga við sýna fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum sínum og jafnréttislögum í starfi sínu og aðgerðaráætlun sé skýr. Hveragerðisbær hefur eftirlit með því að fyrrgreind atriði séu uppfyllt og fjárveitingar skilyrðast við.

Menningar, íþróttá og frístundanevnd leggur til við bæjarstjórn að drög að íþróttá- og frístundastefnu Hveragerðisbæjar verði samþykkt.

3. Menningarstefna Hveragerðisbæjar

Formaður og menningar- og frístundafulltrúi kynntu drög að menningarstefnu bæjarins.

Menningar, íþróttá og frístundanevnd leggur til við bæjarstjórn að drög að menningarstefnu Hveragerðisbæjar verði samþykkt.

4. Ungmennaráð

Ákveðið að blása lífi í ungmennaráðið og boða starfsnefnd ungmenna frá síðasta ári á fund og ræða næstu skref. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 eru settar kr. 350 þúsund í starfsemi ráðsins.

5. Aðsókn að íþróttamannvirkjum 2017

Menningar- og frístundafulltrúi fór yfir aðsóknartölur og leigutekjur í íþróttamannvirkjum bæjarins.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:15

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Alda Pálsdóttir, (sign)

Jakob Fannar Hansen, (sign)

Fanný Björk Ástráðsdóttir, (sign)

Soffía Valdemarsdóttir, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)